

REGLUR

Hafnarfjarðarkaupstaðar um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

I. KAFLI

Almennt um stuðning við fatlað fólk.

1. gr.

Lagagrundvöllur.

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita skv. 1., 2., 3. og 5. tölul. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Að jafnaði skal nýta almenna þjónustu samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu, allt að 15 klukku-stundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, áður en stuðningur samkvæmt reglum þessum kemur til.

Öll þjónusta til fatlaðs fólks skal vera samfelld og samþætt í þágu einstakra notenda.

2. gr.

Markmið.

Markmið stoðþjónustu er að veita fötluðu fólki stuðning til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum, sbr. 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Markmiðið er að styðja notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við margháttada aðstoð við athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, verið sjálfstæðir og félagslega virkir. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem fatlað fólk setur sér til að ráða við daglegt líf.

3. gr.

Stuðningur.

Stoðþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna fötlunar og langvarandi stuðningsþarfa þar sem stuðningsþörfum verður ekki fullnægt innan almennrar þjónustu. Stuðningurinn byggir á heildstæðu mati og tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum fólks.

Með stoðþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi stuðning:

- Stuðningur við athafnir daglegs lífs* sem tekur mið af þörfum notanda.
- Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima og sem aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- Félagslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja til félagslegrar þátttöku sem og að styðja við atvinnuþátttöku, nám o.fl.

Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er. Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir stoðþjónustu.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stoðþjónustu verði samþykkt.

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum:

- Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef einstaklingur er yngri en 18 ára vísast til reglna Hafnarfjarðar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

- b. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hafnarfirði þegar sótt er um. Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Hafnarfjarðar getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi skrái lögheimili sitt í Hafnarfirði þegar stuðningur hefst.
- c. Umsækjandi skal teljast með fötlun í skilningi laga, nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir enda sé sýnt að fötlunin stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.
- d. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Fatlað fólk sem býr í sértæku húsnæði getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi flytji í sjálfstæða búsetu þegar stuðningur hefst.
- e. Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðning samkvæmt 7. gr. reglna þessara.
- f. Umsækjandi skal hafa fullnýtt þjónustu samkvæmt reglum Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu.

III. KAFLI Umsóknir og mat.

5. gr.

Umsókn.

Sótt er um stoðþjónustu með rafrænum hætti í gegnum þjónustugátt en einnig er hægt að nálgast útprentaða umsókn í þjónustuveri. Umsókn er lögð fram af hálfu einstaklings, sem óskar eftir stuðningi, eða eftir atvikum starfsfólki heilbrigðis- og/eða velferðarþjónustu eða ættingjum. Að fenginni umsókn um stoðþjónustu er umsækjanda boðið viðtal.

Ráðgjafi metur stuðningsþörf umsækjanda skv. 7. gr. reglnanna og veitir ráðleggingar um þá þjónustu sem getur komið til móts við þarfir viðkomandi.

6. gr.

Fylgigögn með umsókn og upplýsingaöflun.

Við undirritun umsóknar er umsækjandi upplýstur um heimild fjölskyldu- og barnamálasviðs til að afla gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir. Heimilt er að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum og/eða gögnum frá umsækjanda og öðrum aðilum meðan á umsóknarferlinu stendur að fengnu samþykki umsækjanda. Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a. Örorkumat eða endurhæfingarlífeyri.
- b. SIS-mat.
- c. Staðfesting á fötlun, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og grein- ingarstöð ríkisins.

7. gr.

Mat á stuðningsþörf.

Mat á stuðningsþörf er unnið í samvinnu við umsækjanda og tekur mið af þörfum hans fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun hans.

Mat á stuðningsþörf fer fram á fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar, á heimili umsækjanda eða á öðrum vettvangi í samráði við umsækjanda. Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar og taka mið af þörfum og aðstæðum. Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að styðja umsækjanda til að leita sem bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs.

Við mat á stuðningsþörf og við forgangsroðun umsókna skal litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- a. Þarfa umsækjanda fyrir stuðning.
- b. Færni/getu og styrkleika.
- c. Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- d. Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.

- e. Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- f. Annars veitts stuðnings.

Vísað er til matsviðmiða og forgangsröðunar á fylgiskjólum 1 og 2 með reglum þessum. Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á teymisfundum og þar er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er. Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið.

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar um er að ræða stuðning vegna veikinda skal stuðningur ætíð metinn, skipulagður og samhæfður með fagaðilum heilbrigðisþjónustu í samræmi við þarfir umsækjanda.

8. gr.

Forgangsröðun umsókna.

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 7. gr. og á fylgiskjali 1 með reglum þessum. Að mati loknu radast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru á fylgiskjali 2 með reglum þessum. Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, þegar við á, og stuðningur getur hafist.

Ef ekki er unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist. Ef fyrir séð er að það verði ekki innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista og umsækjanda tilkynnt um það. Þá skal unnin áætlun um hvenær samþykkt þjónusta geti hafist og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018.

9. gr.

Áætlun um framkvæmd stuðnings.

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir áætlun um framkvæmd stuðnings svo sem stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn reglulega. Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

Í áætlun skal að lágmarki koma fram:

Markmið með stuðningi og hvernig þeim skuli náð.

Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.

Gildistími áætlunar.

Notkun húslykla notanda ef við á.

Fyrirkomulag vegna aðstoðar við meðferð einkafjármuna þegar við á.

IV. KAFLI

Framkvæmd.

10. gr.

Tími og umfang stuðnings.

Að jafnaði er stuðningur samkvæmt reglum þessum veittur milli kl. 07.00 og 24.00. Almennt er stoðþjónusta veitt á dagvinnutíma á virkum dögum. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við nauðsynlegar athafnir dagslegs lífs og félagslegur stuðningur í samræmi við þarfir notanda. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir.

Ákvörðun um stoðþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda klukkustunda í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum.

11. gr.

Breyttar aðstæður og endurmat.

Notanda, eða eftir atvikum aðstandendum, lögráðamanni eða persónulegum talsmanni, ber að upplýsa fjölskyldu- og barnamálasvið um breytingar á högum sem gætu haft áhrif á fyrirliggjandi mat. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða

stuðningsþörf og áætlun um framkvæmd stuðnings. Leitast skal við að meta og skrá árangur stoðþjónustu með reglubundnum hætti.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Kostnaður.

Notanda ber að greiða allan þann kostnað sem hlýst af því að stuðningur sé veittur utan heimilis.

13. gr.

Ferðir.

Að meginstefnu skal nota almenningssamgöngur þegar stoðþjónusta er veitt utan heimilis.

14. gr.

Vinnuáðstæður.

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 merkir vinnustaður það umhverfi innanhúss og utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um starfa sinna vegna. Þar skal gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Starfsmaður skal hafa aðgang að þeim búnaði sem nauðsynlegur er svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi. Vinna starfsmanna í stoðþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf notandi eða umbjóðandi hans að tryggja að aðstæður séu þannig að áður nefndum atriðum sé fullnægt. Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Fresta getur þurft þjónusta á meðan leitað er ráðgjafar og aðstoðar við að finna viðeigandi lausnir.

Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notenda og notendur samþykkja að reykja ekki meðan starfsmenn eru inni á heimilinu.

VI. KAFLI

Málsmeðferð,

sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

15. gr.

Viðeigandi aðlögun.

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

16. gr.

Málshraði.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Fjölskyldu- og barnamálasvið skal taka ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

17. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

18. gr.

Endurskoðun.

Rétt til stoðþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stoðþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

19. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr anmörkum.

Ef umsókn um stoðþjónustu er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það synjun umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

20. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónu-upplýsinga, nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.

21. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

22. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Hafnarfjarðar.

23. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu á afgreiðslu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun fjölskyldu- og barnamálasviðs til fjölskylduráðs Hafnarfjarðar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda bréflaga og aftur kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

24. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Umsækjandi getur kært ákvörðun fjölskyldu- og barnamálasviðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun ráðsins.

25. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar byggja á ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði 16. apríl 2024.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn 24. apríl 2024.

Reglur þessar öðlast gildi þann 15. maí 2024.

Hafnarfirði, 30. apríl 2024.

Guðlaug Ósk Gísladóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Fylgiskjal 1.

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu.

Við mat á stuðningsþörf skal m.a. horft til eftirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða. Hvert og eitt atriði er metið sérstaklega með tilliti til stöðu í dag, stuðningsþarfir og núverandi stuðnings, hvort sem hann er veittur af Hafnarfjarðarkaupstað eða öðrum aðilum.

- Félagslegar aðstæður:**
 - Tengslanet.
 - Heimilisaðstæður.
 - Annað sem snýr að félagslegum aðstæðum.
- Samfélagsleg þátttaka og virkni:**
 - Atvinna/nám.
 - Tómstundir/áhugamál/félagsstarf.
 - Annað sem snýr að samfélagslegri þátttöku og virkni.
- Félagsleg færni:**
 - Samskiptafærni.
 - Ákvörðunartaka.
 - Vinna í hópi.
 - Annað sem snýr að félagslegri færni.
- Styrkleikar:**
 - Styrkleikar umsækjanda.
- Athafnir daglegs lífs:**
 - Daglegar athafnir.
 - Svefn.
 - Næring.
 - Persónulegt hreinlæti.
 - Heimilishald.
 - Hjálpartæki.
 - Annað sem snýr að athöfnum daglegs lífs.
- Heilsa:**
 - Andleg heilsa.

- b. Líkamleg heilsa.
- c. Lyf.
- d. Óþol/ofnæmi.
- e. Annað sem snýr að heilsu.

7. Hegðun:

- a. Hegðunarvandi.
- b. Ofbeldi.
- c. Sjálfskaðandi hegðun.
- d. Fíknivandi.
- e. Annað sem snýr að hegðun.

Fylgiskjal 2.

Forgangsröðun samkvæmt reglum sveitarfélagsins um stuðningsþjónustu.

Við mat á forgangi er byggt á eftirfarandi matsviðmiðum og litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og heilsufars.
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- Samfélagsþátttöku og virkni.
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hefur fyrir umsækjanda.
- Annars stuðnings sem viðkomandi nýtur.

Skilgreiningar á þjónustubáttum:

Stuðningur við athafnir daglegs lífs við persónulega aðhlyningu, s.s. við að klæða sig, sinna persónulegu hreinlæti, borða og taka lyf. Auk þess að veita stuðning við að útvega hjálpartæki og nýta velferðartækni o.fl.

Stuðningur við heimilishald er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili einstaklings svo að hann geti búið heima. Auk þess að veita stuðning við að nýta velferðartækni sem auðveldar heimilishald og starfsfólki að veita þjónustu.

Félagslegur stuðningur miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja til félagslegrar þátttöku svo sem í félags- og tómstundastarfi sem og að styðja við atvinnuþátttöku, nám o.fl. Slíkur stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning.

Flokkur 1.

Þjónusta hefst strax og hefur forgang. Má ekki falla niður.

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust, ýmist vegna langvarandi stuðningsþarfa eða þegar einstaklingi er hætta búin, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp.

Forsendur:

Þau sem þurfa daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning. Þau sem þurfa aðstoð og eftirlit með inntöku lyfja.

Þau sem eru á biðlista eftir sértæku húsnæðisúrræði.

Flokkur 2.

Mikilvæg þjónusta, ef þjónusta fellur niður þarf að bæta viðkomandi það upp sem allra fyrst. Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér eða grípa þarf inn í aðstæður sem fyrst í forvarnarskygni.

Viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum.

Forsendur:

Þau sem þurfa á reglulegri þjónustu að halda.

Þau sem þurfa eftirlit, aðstoð og mikla hvatningu við athafnir daglegs lífs eða heimilishald.

Þau sem eru félagslega einangruð.

Flokkur 3.

Reglubundin þjónusta. Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður oftar en í tvö skipti samfellt. Einstaklingur þarf stuðning við heimilishald og/eða er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis vegna félagslegrar einangrunar eða í forvarnarskyni. Markmiðið er að styðja notanda til sjálfshjálpar og félagslegrar þátttöku. Einnig getur markmið þjónustunnar verið að létta álagi af aðstandendum.

Forsendur:

Þau sem þurfa aðstoð, hvatningu og félagslegan stuðning.

Þau sem þurfa aðeins aðstoð við heimilishald.

Flokkur 4.

Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður oftar en í tvö skipti samfellt. Aðstæður einstaklings eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.

Forsendur:

Þau eru sjálfbjarga og félagslega vel sett en þurfa leiðbeiningar, hjálfun eða stuðning.

Þau sem eingöngu þurfa aðstoð við heimilisþrif eða óverulegan félagslegan stuðning.